

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 136/1190**
komudagur **11.3.2009**

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breytingar á lögum, nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, og á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

Með bréfi, sem átti að senda til Félags viðurkenndra bókara (FVB) þann 5.mars sl., óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn (244. mál), og á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, (245. mál).

Þetta bréf barst okkur þó ekki, þótt við séum á lista yfir umsagnaraðila, en málið barst okkur til eyrna frá Félagi bókhaldsstofa (FB) og tókum við þaðan upp þráðinn.

Breytingarnar í frumvarpi til laga um breytingar á lögum, nr. 3/2006 um ársreikninga felast m.a. í því að breyta þeim ákvæðum ársreikningslaganna sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Félag viðurkenndra bókara hefur ekkert á móti því að skilin milli endurskoðenda og skoðunarmanna verði skerpt, en hefur aftur á móti áhyggjur af því að með þessum breytingum verði hlutverk viðurkenndra bókara sem uppgjörsaðila mjög óljóst. Samkvæmt 43.grein laga nr. 145/1994 um bókhald eru skilyrðin fyrir því að fá að kalla sig viðurkenndan bókara mjög skýr. Skv.frumvarpi til laga um bókhald, nr. 145/1994 virðast skoðunarmenn ekki þurfa að uppfylla önnur skilyrði en að hafa reynslu í bókhaldi og reikningsskilum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins teljist nauðsynleg til rækslu starfans. Þetta er, að mati félagsins, mjög óljós skilyrði og alls ekki í samræmi við þau skilyrði sem viðurkenndir bókarar þurfa að uppfylla, (sbr. 43.grein laga nr. 145/1994 um bókhald). Þess vegna finnst okkur að ekki sé rétt að setja viðurkennda bókara í flokk með skoðunarmönnum og viljum að hlutverk viðurkenndra bókara verði skilgreint sérstaklega í lögum um bókhald og ársreikninga, með tilliti til ársreikningagerðar.

Við viljum biðja um frest til að koma með breytingatillögur á ákveðnum greinum frumvarpanna, sem vegna mjög skamms fyrirvara var ekki unnt að leggja fram í þessari umsögn.

Hafnarfirði 10.mars 2009

Virðingarfyllst,

f.h. Félags viðurkenndra bókara
Eva María Guðmundsdóttir
Varaformaður FVB